

Áfallaáætlun Snælandsskóla

Í Snælandsskóla skal vera starfandi áfallaráð sem er af skipað stjórnendum og starfsmönnum skólans, en auk þess starfa prestar Hjallakirkju með ráðinu þegar ástæða þykir til.

Aðgerðarlisti vegna alvarlegs slyss/andláts nemanda, þ.m.t. sjálfsvíg.

- Kalla áfallaráð saman til fundar eins fljótt og hægt er, ásamt umsjónarkennara viðeigandi bekkjar og þeim sem málinu tengjast. Staðreyndir málsins kynntar.
- Útdeila hlutverkum til starfsmanna vegna tilkynningar eða aðstoðar.
- Hringja í hjálparlið: Prestur, sálfræðingur, skólalæknir/hjúkrunarfræðingur, lögregla, skólaskrifstofa.
- Skoða stundatöflur og skólahúsnæði m.t.t. breytinga og ákveða hvar nemendahópar fá tilkynningu. Undirbúa skóladaginn.
- Ákveða hverjir aðstoða umsjónarkennara við að taka á móti nemendum og tilkynna í bekki.
- Finna ættingja- og vinahóp viðkomandi í skólanum. Tryggja aðgang að aðstandendalistum nemenda.
- Flöggun / blóm / kerti.
- Almenn tilkynning til starfsfólks á starfsmannafundi áður en kennsla hefst. Kennarar og starfsfólk sett inn í stöðuna og skóladagurinn kynntur.

Á starfsmannafundi þarf að koma fram:

- Hvað gerðist og hugsanleg áhrif á nemendahóp
- Hverjum tengist viðkomandi t.d. systkini, vinir, vinahópar s.s. félagsstarf, íþróttafélag eða annað.
- Hvernig er best að svara spurningum frá nemendum og foreldrum t.d. slys, sjálfsvíg, alvarleg veikindi eða annað..
- Hvernig best er að haga skólastarfinu það sem eftir er dags og næstu daga.
- Koma upp athvarfi þar sem hægt er að vera í fámenni t.d. hjá námsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi.
- Hvaða hjálp fáum við utan skólans, t.d. prestur, sálfræðingur o.fl.
- Hverjir svara fólki utan skólans.

Annað sem þarf að huga að:

- Tilkynning til nemenda í smáum hópum. Bekkur mæti allur á sama tíma. Halda áfram með hefðbundið skólastarf eins og kostur er
- Aðstoð við umsjónarkennara að tilkynna í bekki. Umsjónarkennarar tilkynna ef þeir treysta sér til. Hafa til taks aðstoðarmenn (skólastjóri/sálfræðingur/sérgreinakennarar/prestur/ námsráðgjafi/hjúkrunarfræðingur/ skólaliðar).

- Tryggja að nákvæmar upplýsingar komi til og frá skólanum. Velja ákveðna starfsmenn til að afla þeirra og miðla upplýsingum til nemenda/foreldra/fjölmíðla. Foreldrum nemenda í viðkomandi bekk tilkynnt um atburðinn áður en rætt er við fjölmíðla. Senda bréf heim og segja frá því sem gerðist og hvernig skólinn hyggst taka á málum. Mikilvægt að ritari skólans athugi hvaða nemendur eru fjarverandi og tryggja að allir fái skilaboð. Lata foreldra sækja nemendur þennan dag. Metin er þörf á að fá utanaðkomandi áfallahjálp.

Gera áætlanir um framhaldið og hafa foreldra viðkomandi nemanda með í ráðum:

- heimsókn á heimili/gjöf til foreldra.
- dreifibréf og tilkynningar.
- loka vegna jarðarfara / ákveða hvort vera eigi minningarathöfn í skólanum.
- minningagreinar frá bekk, umsjónarkennara, starfsfólki eða skólastjóra.
- minningabók / spjöld um nemanda.
- bjóða aðstandendum einhverjum dögum eftir jarðarför að koma í skólann og sjá það sem nemendur hafa unnið til minningar um hinn látna og sækja jafnframt skóladót hans.

Aðgerðarlisti vegna alvarlegs slyss eða dauðsfalls foreldra eða annarra náinna ættingja, þ.m.t.sjálfsvíg:

- Fá staðfestingu á andláti hjá foreldrum, lögreglu eða sjúkrastofnun.
- Kalla áfallaráð til fundar og bekkjarkennara viðkomandi nemanda og skipta með sér verkum og ákveða fyrstu viðbrögð skólans:
 - Hver á að tilkynna bekk um andlátið
 - kveðja frá skólanum heim til viðkomandi nemanda
 - hver tekur á móti nemanda þegar hann kemur aftur
 - hvernig á að taka á móti nemanda þegar hann kemur aftur.
- Tilkynna öllu hlutaðeigandi starfsfólki atburðinn.
- Tilkynning til bekkjar sbr. áætlun v/andláts nemanda. Kalla til aðstoðarfólk ef þörf er á svo sem prest, hjúkrunarfræðing, skólastjóra, sálfræðing eða aðra.

Gera áætlun um framhald: Fylgjast með líðan nemanda, styðja umsjónarkennara, gera ráðstafanir til sérfræðilegrar aðstoðar ef þurfa þykir.

Aðgerðarlisti vegna dauðsfalls starfsmanns.

- Fá staðfestingu á andláti.
- Kalla áfallateymi til fundar og ákveða fyrstu viðbrögð skólans, í samráði við ættingja starfsmanns.
- Tilkynna starfsfólki atburðinn og hvernig skólinn hyggst taka á málum sbr.lið 3 í áætlun vegna andláts nemanda.

- Tilkynna nemendum atburðinn á sal eða inni í bekkjum. Ef umsjónarkennari hefur látist þarf einhver sem þekkir nemendur mjög vel, að vera með þeim fyrsta daginn.
- Draga fána í hálfu stöng, bæði daginn sem andlát á sér stað og jarðarfardaginn.
- Fá e.t.v. prest til að hafa bænastund. Tryggja starfsfólki aðstoð sérfræðinga svo sem prests eða sálfræðings ef óskað er eftir.
- Heimsækja aðstandendur með kveðju frá skólanum.
- Skrifa minningargrein.

Áfallaráð komi reglulega saman næstu daga/vikur með því starfsfólki sem þess óskar.

Aðgerðarlisti vegna langvarandi veikinda nemenda eða veikinda á heimilum þeirra.

- Sá sem fær vitneskju um langvarandi veikindi barns eða á heimili þess lætur viðkomandi umsjónarkennara vita.
- Umsjónarkennari tilkynnir öðrum hlutaðeigandi starfsmönnum málið og leitar til áfallaráðs til hjálpar ef hann óskar eftir.
- Umsjónarkennari/skólastjóri leitar upplýsinga um veikindi viðkomandi til þess að geta gefið nemendum viðeigandi svör en ætíð með fullu samþykki viðkomandi foreldra.

Gott samstarf við heimilin er nauðsynlegt og getur verið ómetanlegur stuðningur við barnið.

Aðgerðarlisti vegna slysa í vettvangsferðum, sundi o.þ.h.

- Kennari metur hversu alvarlegt slysið er og kallar til hjálpar ef þurfa þykir. Ath. að símanúmerið 112 er alls staðar í gildi.
- Hefur samband við ritara skólans og upplýsir hann um atvik.
- Ritari lætur skólastjórn vita og einnig foreldra í framhaldi af því í samráði við skólastjórnendur.
- Ef atvik er þess eðlis fer áfallaáætlun í gang og áfallaráð kemur saman.

Fangelsun foreldra.

Við slíkar aðstæður er líklegt að barnið sé undir miklu álagi. Hafa þarf samráð við aðstandendur barnsins um það hvernig talað er við barnið, hve mikið það veit um aðstæður og einnig hvort ræða eigi málið við vini og bekkjarfélaga.

Eldri börn eiga að vera með í ráðum um það hvort þessi mál eru rædd í bekknum eða ekki.

Það skiptir miklu í þessu sambandi hvort málið er til umfjöllunar í fjölmiðlum ef svo er þá þarf að vera vel á verði og gæta þess að barnið verði ekki fyrir aðkasti frá öðrum nemendum.

Þar sem að ekki er um dauðsfall að ræða er samúð ekki vís.

Mannshvarf

Tími sem einkennist af óvissu og ótta. Við slíkar aðstæður þarf nemandinn mikinn stuðning og skilning. Þarna þarf að hafa samráð við aðstandendur um það hvernig málið er rætt við nemendur. Svona mál fá oft mikla umfjöllun í fjölmiðlum sem getur verið mjög viðkvæmt.